

Hafnarfjarðarbær  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

Vestmannaeyjum 22. júní 2018  
UST201806-217/P.V.B.  
09.04.04

### **Efni: Umsögn vegna meintra ólögættra framkvæmda innan fólkvangsins Hleinar**

Umhverfisstofnun hefur móttækið erindi Hafnarfjarðarbæjar dags. 18. júní um beiðni um umsögn vegna framkvæmda sem farið var í í óleyfi innan fólkvangsins Hleina þegar gamlir reykkofar voru rifnir vorið 2018.

Hleinar voru friðlýstir sem fólkvangur sbr. auglýsingu nr. 399/2009 í Stjórnartíðindum B. Markmiðið með friðlýsingu svæðisins er að vernda fjöru og útivistarsvæði í fögru hraunumhverfi sem vaxið er náttúrulegum gróðri svo sem mosa- og lynggróðri. Jafnframt er það markmið friðlýsingarinnar að vernda búsetulandslag og menningarminjar, en á svæðinu eru tóftir, fiskreitir, grjóthleðslur, gerði, garðar og vagnslóðar.

Með beiðni um umsögn voru myndir sem sýndi þau mannvirki sem um ræðir. Landvörður Umhverfisstofnunar fór í eftirlit um svæðið þann 19. júní. Var þá búið að fjarlægja öll ummerki um reykkofana sem staðsettir voru innan fólkvangsmarka.

Er það mat umhverfisstofnunar að um brot á friðlýsingarskilmálum svæðisins er um að ræða en skv. 6 gr. friðlýsingarinnar er óheimilt að hrófla við eða skemma á annanhátt menningarminjar á hinu friðlýsta svæði. Leyfi þarf jafnframt frá Hafnarfjarðarbæ og Umhverfisstofnun fyrir öllum framkvæmdum innan svæðisins sbr. 7. gr.

Umhverfisstofnun óskar eftir að vera haldið upplýstum um þær aðgerðir sem Hafnarfjarðarbær ákveður að fara í í kjölfar málsins.

Virðingarfyllst



Þórdís Vilhelmína Bragadóttir  
Sérfræðingur